

## Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

14. fundur verkefnahóps BsVest haldinn fimmtudaginn 20. desember 2011 kl. 13.00, fundurinn var haldinn með aðstoð síma. Fundinn sátu Arnheiður Jónsdóttir, formaður (Patreksfirði), Elsa Reimarsdóttir (Patreksfirði), Guðný Hildur Magnúsdóttir (Bolungarvík), Hildur Jakobína Gísladóttir (Hólmavík) og Margrét Geirsdóttir (Ísafirði). Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson (Ísafirði) sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður verkefnahóps setti fundinn og gengið var til dagskrár

1. Fundargerð 13. fundar. Samþykkt
2. Trúnaðarmál  
Trúnaðarmál fær í trúnaðarmálabók.
3. Fjárhagsáætlun – starfsáætlun svæðanna fyrir árið 2012  
Verkefnastjóri fór yfir yfirlit sem tekið hefur saman á grundvelli fjárhagsáætlana sem sendar hafa verið inn. Farið yfir forsendur fjárhagsáætlana og tengsl við starfsáætlunar árið 2012, ákveðið ósamræmi er á milli framsetningu fjárhagsáætlana á milli félagsþjónustusvæðanna, sérstaklega varðandi stjórnunarkostnað. Áætlað er að verkefnastjóri og framkvæmdastjóri fundi með hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig til að fara yfir forsendur áætlana og greinargerðir sem eru þeim til stuðnings, áður en tillaga um fjárhagsáætlun verður lögð fyrir stjórn BsVest. Samþykkt að öll gögn liggi fyrir eigi síðar en 6. janúar 2012 og fundir með félagsþjónustusvæðum verði um miðjan janúar n.k..
4. Kostnaður vegna lengdrar viðveru.  
Verkefnastjóri fór yfir svör sveitarfélaga við erindi sem barst með bréfi Jöfnunarsjóðs dags. 7.12.2011 þar sem óskað er upplýsinga um lengda viðveru eldri barna hjá einstaka sveitarfélögum. Fram kom að einungis Ísafjarðarbær er að veita slíka þjónustu og hefur það verið kynnt Jöfnunarsjóði með bréfi / tölvupósti
5. Reglur um skammtímavistun og gátlisti  
Reglur um skammtímavistun hafa verið afgreiddar í félagsmálanefndum flestra sveitarfélaga. Verkefnastjóri óskar eftir tilkynningu um afgreiðslu hvernar nefndar og hvetur þær sveitarstjórnir sem eiga eftir að taka erindið fyrir, að flýta afgreiðslu málsins. Gátlisti vegna skammtímavistunar. Verkefnastjóri óskaði eftir athugasemdum við gátlistann fyrir 6. janúar 2012.
6. Reglur um stuðningsfjölskyldur.  
Verkefnastjóri ítrekar að félagsmálastjórar sendi inn athugasemdir fyrir 13. janúar 2012.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.20.